

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2025

— Íslandsmetin falla enn



Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2025 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, [www.rml.is](#). Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Þeir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 461 en á árinu 2024 voru þeir 470. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 25.418,9 árskýr skiluðu 6.615 kg nyt að meðaltali. Það er afurðaaukning um 92 kg/árskú frá árinu 2024 en þá skiluðu 25.103,6 árskýr meðalnyt upp á 6.523 kg. Þetta eru mestu meðalafurðir frá upphafi vega og nú fylla þau ár sem meðalafurðir ná yfir 6.000 kg eftir árskú heilan áratug. Umreiknaðar í orkuleiðréttu mjólk (OLM) eru meðalafurðir síðasta árs 6.879 kg/árskú eða 107 kg meiri en árið áður.

Meðalbústærð reiknaðist 56,5 árskýr á árinu 2025 en sambærileg tala var 56,1 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 73,7 kýr en 2024 reiknuðust þær 72,6. Samtals voru skýrslufærðar kýr ársins 33.956 talsins samanborið við 34.160 árið áður.

Mestar meðalafurðir á Suðurlandi

Svæðaskipting fylgir að segja má kjördæmum. Á árinu voru mestar meðalafurðir á Suðurlandi, 6.667 kg, og skammt undan kemur Vesturland með 6.656 kg.

Stærst eru búin að meðaltali á Suðurlandi, 59,4 árskýr, en næststærst eru þau á Austurlandi, 59,1 árskýr.

Meðalbúið stækkar

Meðalbúið stækkaði milli ára sem er í takti við fækkun innleggsbúa og aukið innlegg mjólkur. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 347.970 lítrum samanborið við 333.467 lítra á árinu 2024. Á árinu fækkaði innleggsbúum mjólkur um 9 og voru kúabú í mjólkurframleiðslu 450 talsins nú um áramótin 2025/26. Þróunin er áfram hin sama og undanfarin ár og áratugi, búunum fækkar, kýrnar mjólka stöðugt meira, afurðametin falla og búin stækka með hverju árinu sem líður. Þessi þróun hefur staðið í nokkra áratugi og stendur enn. Þessa sömu þróun má sjá hvert sem litið er í heiminum. Þetta verður til þess að stöðugt reynir meir á hæfni og getu bænda til þess að reka búin og sinna þörfum gripanna. Því miður er reyndin sú að á sama tíma og margir bændur blómstra og finna sig vel í þessu umhverfi heltast aðrir úr lestinni. Árið 2025 var mjólkurframleiðslunni hagfellt, a.m.k. hvað sumar ytri framleiðsluaðstæður varðar. Tíð var góð og vorið var eitt hið besta í manna minnum. Heyskapartíð var með ágætum og gróffóðurfengur er víðast bæði góður og mikill að vöxtum. Rekstrarlega hafa auðvitað verðbólga og hátt vaxtastig

Uppgjör fyrir tímabilið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldi búa alls	61	9	80	113	17	172	452
Fjöldi búa með skil	61	9	80	112	17	171	450
Fjöldi kúa alls	3.322	317	4.849	6.304	1.014	10.261	26.067
Meðalbústærð, kýr	54,5	35,2	60,6	56,3	59,6	60,0	57,9
Fjöldi árskúa	3.207,0	315,7	4.667,3	6.073,7	1.005,0	10.150,3	25.418,9
Meðalbústærð, árskýr	52,6	35,1	58,3	54,2	59,1	59,4	56,5
Fjöldi 1. kálfs kúa	1.192	111	1.758	2.272	320	3.704	9.357
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán	477	77	647	684	150	1.519	3.554
Endurnýjunarhlutfall	35,9	35,0	36,3	36,0	31,6	36,1	35,9
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	100,0	98,9	100,1	100,2	100,0	100,1	100,1
Mjólkurframleiðsla síð. 12 mán.							
Meðalbústærð, innlögð mjólk	321.239	162.555	360.051	333.692	362.743	369.465	347.970
Mjólk/árskú	6.656	5.347	6.627	6.590	6.464	6.667	6.615
Fita kg	280	230	279	280	278	283	280
Fita %	4,20	4,30	4,21	4,25	4,30	4,24	4,24
Prótein kg	226	185	227	228	222	227	227
Prótein %	3,39	3,46	3,43	3,46	3,44	3,41	3,43
Kg OLM/árskú	6.875	5.613	6.874	6.882	6.777	6.927	6.879
Mjólkurnýting	94	89	96	96	98	96	96
Frumtala (reiknuð)	274	238	252	224	214	256	247
Mjólkandi kýr							
Dagsnyt/kú	18	13	17	18	17	17	17
Dagsnyt OLM/kú	18	14	18	19	18	18	18
Kjötframleiðsla síð. 12 mán.							
Kýr							
Hlutfall með sláturgögn	84,0	75,0	85,1	84,7	87,4	85,4	84,9
Flokkun	3,13	2,78	3,08	2,71	2,79	3,10	2,99
Dagar frá burði við förgun	268,8	295,2	274,3	245,2	276,7	254,1	258,5
Meðalþungi, kg	212,7	214,9	216,8	212,3	216,6	214,5	214,2

Heilsufar síð. 12 mán.							
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	6,2	18,6	26,4	26,9	22,1	13,3	18,5
Kýr							
Fjöldi sjúkdómstilfella á árskú	0,09	0,25	0,37	0,38	0,29	0,19	0,26
Júgurmeðhöndlanir á árskú	0,02	0,11	0,13	0,10	0,07	0,05	0,08
Geldstöðumeðhöndlanir á árskú	0,00	0,02	0,02	0,02	0,04	0,02	0,02
Bráðadauði/slys á árskú	0,02	0,01	0,01	0,01	0,01	0,02	0,01
Kálfar							
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	23,0	19,5	23,5	28,6	24,9	24,3	25,0
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	9,0	6,3	9,1	8,0	8,0	8,9	8,7
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	3,7	1,4	3,4	4,0	4,4	2,4	3,2
Frjósemi síð. 12 mán.							
Dagar frá burði til 1. sæðingar	69,2	105,7	74,2	71,9	71,7	72,2	72,4
Meðalaldur við 1. burð	27,6	29,7	26,7	26,0	27,3	27,1	26,9
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	70,3	67,0	68,0	68,9	74,8	73,3	70,9
Ending							
Kýr							
Meðaldur við förgun, dagar	1.947,5	2.135,7	1.935,7	1.820,1	2.123,0	1.896,4	1.900,8
Meðalfjöldi burða við förgun	3,07	3,23	3,08	2,93	3,52	3,00	3,02
Meðalæviafurðir fargaðra kúa	18.902,1	18.930,6	19.390,7	17.986,9	22.496,3	18.561,0	18.740,7
Annað							
Ný bú í skýrsluhaldi síð. mánuð	0	0	0	0	0	0	0
Bú sem hættu í síð. mánuði	0	0	0	1	0	0	0

Ársuppgjör afurðaskýrslna nautgriparæktarinnar 2025.

Heimild og töflur / Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins

gert mönnum erfitt fyrir en þó lækkuðu vextir svolítið á árinu. Byggingakostnaður er auðvitað í hæstu hæðum sem gerir greininni erfitt um vik að endurnýja og endurbæta framleiðsluaðstöðu sem víða er komin til ára sinna þó ekki eigi það við í öllum tilvikum. Það er auðvitað staða sem er óásættanleg til lengri tíma litið. Þegar litið er um öxl virðist árferði þó hafa minni áhrif en oft áður. Blessaðar kýrnar standa við sitt og kúabændur hafa náð þeirri færni að finna ávallt leiðir til þess að ná árangri í sínum rekstri.

Á árinu 2025 voru stigin framfaraskref sem vonandi munu skila bæði ávinningi og bættem hag bænda. Á fyrri hluta ársins var gerð tilraun með kyngreiningu á nautasæði sem skilaði þannig niðurstöðum að ákveðið var að setja slíkt sæði í dreifingu. Í september kom svo kyngreint sæði til fullra nota og gengur innleiðing þess vel. Auðvitað koma upp ýmsir byrjunarörðugleikar og tíma þarf til þess að læra á hvernig best er tileinka sér þessa tækni. Það gildir um alla sem að málum koma. Erfðamengisúrvalið er að stíga lokaskref innleiðingarferilsins og nú förum við að fá staðfestingu á hversu vel erfðamatið eða -spáin, sem arfgreindir gripir fá á fyrstu vikum lífs síns, stenst. Bændur hafa tekið þessum framfaraskrefum opnum örmum og samstarf og samvinna við þá verið bæði mikil og góð.

Aldur við 1. burð þokast í rétta átt

Aldur kvígna við fyrsta burð sígur niður á við og er nú 26,9 mánuðir samanborið við 27,0 mánuði árið á undan. Þetta er enn eitt skrefið í rétta átt og lækkanði burðaraldur á eftir að auka hagkvæmni mjólkurframleiðslunnar á komandi árum. Allar rannsóknir og athuganir sýna að hagkvæmast er að kvígurnar eignist sinn fyrsta kálf í kringum 23-24 mánaða aldur. Að því ber að stefna.

Heldur dregur úr vanhöldum kálfa milli ára. Þrátt fyrir það er fjöldi dauðfæddra kálfa við fyrsta burð algjörlega óásættanlegur því 25,0% afkvæma 1. kálfs kvígna komast ekki lifandi í þennan heim. Þetta hlutfall er heldur lægra en árið á undan þegar það reyndist vera 26,8%. Hluti skýringarinnar liggur í bústjórn og alveg ljóst að þarna þarf að huga betur að kvígunum, ekki síst þegar líður að burði.

Aukin ending

Ending kúnna eykst, hægt og bitandi. Á árinu 2025 var meðalaldur við förgun 1.901 dagur og meðalfjöldi burða við förgun var 3,02. Þessar kýr höfðu að meðaltali skilað 18.741 kg mjólkur. Sambærilegar tölur fyrir árið 2024 voru 1.891 dagur, 3,00 burðir/kú og 18.427 kg mjólkur. Á þessu má sjá að kýrnar endast aðeins lengur og ná orðið rétt rúmlega þremur burðum að meðaltali. Afurðimar aukast og koma þar bæði til fleiri lífdagar sem og auknar afurðir. Það þarf ekki að fjölyrða um hversu jákvæð þróun þetta er.

Á árinu 2025 voru 72% fæddra kálfa undan sæðinganautum. Undan fyrsta kálfs kvígum eru 31,6% kálfa undan sæðinganautum en undan eldri kúm eru 91,3% kálfa undan sæðinganautum. Notkun heimanauta er því enn mjög útbreidd í kvígum. Það er auðvitað miður fyrir ræktunarstarfið en auðvitað verða bændur að vega og meta



Plóma 2686 í Gunnbjarnarholti.

sjálfir hvaða naut er best að nota hverju sinni. Okkar tillaga er þó sú að takmarka notkun heimanauta eins og kostur er.

Kynjahlutfall fæddra kálfa er á þann veg að 52,6% voru nautkálfar og 47,4% kvígukálfar. Áhrifa kyngreinds sæðis er því ekki farið að gæta svo neinu nemi en á þessu ári munu þessi hlutföll væntanlega taka allmiklum breytingum þar sem notkun kyngreinds sæðis hófst fyrir alvöru á síðustu mánuðum ársins.

Mestar afurðir í Hólmi í Austur-Landeyjum

Á árinu 2025 reyndust kýrnar hjá Garðari Guðmundssyni í Hólmi í Austur-Landeyjum mjólka kúa mest. Þar skiluðu 79,1 árskýr að meðaltali 8.665 kg mjólkur/árskú. Afurðir hafa lengi verið miklar og góðar í Hólmi en þrátt fyrir það er þetta í fyrsta skipti sem búið trónir á toppnum við áramót. Á árinu 2024 var búið sjötta afurðahæst á landsvísi. Í Hólmi er afurðaaukning milli ára 103 kg á árskú. Innan nautgriparæktarinnar er búið einna kunnast fyrir kynbótanautið Hólm 81018 en dætur hans skiluðu efnaríkari mjólk en dætur flestra annarra nauta. Í Hólmi er legubásafjós og mjaltilir fara fram með sjálfvirkum hætti.

Annað í röð afurðahæstu búa landsins er bú þeirra Brynjólfs, Piu, Péturs og Heinz í Kolsholti í Flóa eða Villingaholtshreppi hinum forna. Þar skiluðu 41,7 árskýr 8.608 kg meðalafurðum. Í Kolsholti er legubásafjós með mjaltaþjóni og búið hefur verið ofarlega á listum yfir afurðahæstu bú landsins undanfarin misseri, var t.d. þriðja afurðahæsta búið á árinu 2024. Meðalnyt kúnna í Kolsholti reyndist 78 kg minni en árið áður.

Þriðja afurðahæsta bú ársins 2025 er það bú sem skilaði mestum afurðum á árinu 2024 og setti Íslandsmet það ár, 9.084 kg/árskú. Þetta er bú Eyvindar Ágústssonar og Aðalbjargar Rúnar Ásgeirsdóttur í Stóru Mörk 1 undir Eyjafjöllum. Þetta árið skiluðu 31,7 árskýr 8.589 kg/árskú. Búið þarf ekki að kynna fyrir neinum en það hefur verið meðal afurðahæstu búa landsins um nokkurt skeið.

Í fjórða sæti varð bú Göngustaða ehf. á Göngustöðum í Svarfaðardal

en forráðamenn eru Margrét Gunnarsdóttir og Guðmundur Gunnlaugsson. Kýrnar á Göngustöðum mjólkkuðu til jafnaðar 8.580 kg/árskú eða 87 kg minna en árið áður. Á búinu er legubásafjós með mjaltaþjóni. Fimmta búið í röð afurðahæstu búa ársins 2025 er bú Helgu Bjargar Helgadóttur á Syðri-Hömmum 3 í Ásahreppi. Þar mjólkkuðu kýrnar 8.540 kg/árskú sem er 404 kg minni meðalnyt en árið á undan þegar búið var annað í röð afurðahæstu búa. Á Syðri-Hömmum er legubásafjós með mjaltaþjóni.

Þessum búum til viðbótar náðu 19 bú yfir 8.000 kg meðalafurðum eftir árskú eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Frá árinu 2024 hefur fjölgað um eitt bú í þeim hópi þar sem meðalafurðir hafa verið yfir 8 þúsund kg, nú eru þau bú 24.

Plóma 2686 í Gunnbjarnarholti með Íslandsmet

Áður en farið er yfir þær kýr sem skiluðu mestum afurðum á árinu 2025 er rétt að gera grein fyrir þeirri breytingu sem gerð var á þeim lista á árinu. Nú er afurðahæstu kúnum raðað eftir mestu 12 mánaða afurðum sem náðust á árinu en áður var eingöngu miðað við almanaksárið. Það þýddi að sá listi einskorðaðist að mestu við þær kýr sem báru á þeim tíma að mjólkurskeiðið féll að árinu og kýr sem báru á miðju ári áttu litla sem enga möguleika að ná inn á lista yfir afurðahæstu kýr ársins.

Nythæsta kýr landsins árið 2025 reyndist vera Plóma 2686 í Gunnbjarnarholti í Eystrihreppi (fyrrum Gnúpverjahreppi). Plóma náði 16.779 kg ársafurðum í ágúst sem eru mestu 12 mánaða afurðir sem íslensk kýr hefur náð. Efnahlutföll voru 4,40% fita og 3,17% prótein. Plóma er fædd 18. nóvember 2020 og faðir hennar var Jiri 1665941-1438 sem var undan Kaktusi 16003. Móðir Plómu er Herfa 2421 Dalsdóttir 16025. Plóma bar öðrum kálfi sínum 8. september 2024 og mánuði síðar var hún komin í 52,7 kg dagsnyt. Hún hélt yfir 50 kg dagsnyt fram í mars og fór hæst í 53,3 kg í janúar. Hún var enn í 16 kg dagsnyt um síðustu áramót þannig að það fer ekki milli mála að hér er á ferðinni gríðarleg mjólkurkýr.

– framhald á síðu 40

PVC GLUGGAR OG HURÐIR
EKKERT VIÐHALD - ENGIN MÁLUN - FÚNAR ALDREI

510-9700

Hringdu í okkur eða sendu tilboðsbeiðni í gegnum heimasíðu www.pgv.is

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA



LAUGARGERÐISSKÓLI, EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPI

Til sölu Laugargerðisskóli, Eyja- og Miklaholtshreppi, ásamt öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber, þar með talið tilheyrandi 24,6 ha. eignarland og heitavatnsréttindi. Um er að ræða nokkrar fasteignir, alls 2.665,5 fm., sem byggðar eru á árunum 1963-2002 og standa á 24,6 ha. eignarlandi. Því til viðbótar er 314 rúmmetra úti-sundlaug á staðnum, upphaflega byggð árið 1945, en hún hefur verið endurbætt og aðstaðan stækkuð á liðnum árum. Heildarfasteignamat eignanna er kr. 292.032.000,- en brunabótamat kr. 1.053.000.000,. Verð 225 millj.

Nánari upplýsingar veitir Björn Þorri Viktorsson hrl. og lögg. fasteignasali, í síma 894 7070, tölvupóstur bjorn@midborg.is.



SKESSELHORN 2025

UG EV

RAFBÍLL

TILVALINN FYRIR

Verktaka
Golfklúbba
Íþróttafélög
Bæjarfélög
Bændur

Nánari
upplýsingar
á nitro.is

4.199.000,-
Án Vsk. 3.379.032,-

Umboðsaðilar: KS, Sauðarkróki. Suður England, Selfossi. Lyngás, Hellu. Bíkevík, Reykjanesbæ. Landstólpi-AB, Egilsstöðum.

*Bíllinn kemur í þessari útfærslu, alveg lokaður.

Afkastamikill og alrafmagnaður vinnubíll, sameinar frábæra aksturseiginleika og nýjustu tækni. Fjölhæfni, lítið viðhald og áreiðanleiki fyrir erfið verkefni, atvinnuþarfir og tómstundir. 110 km drægni. 800 kg dráttargeta. Götuskráður T3b.

NITRO

Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848

Bú þar sem meðalnyt var yfir 8.000 kg/árskú árið 2025

Bú	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
860315 Hólmur	Garðar Guðmundsson	79.1	8,665
870716 Kolsholt 1	Brynjólfur, Pia, Pétur og Heinz - Hellisbúið ehf.	41.7	8,608
860292 Stóra-Mörk 1	Eyvindur og Aðalbjörg	31.7	8,589
650228 Göngustaðir	Göngustaðir ehf.	67.0	8,580
861037 Syðri-Hamrar 3	Helga Björg Helgadóttir	42.8	8,540
650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	52.8	8,435
870934 Gunnbjarnarholt 2	Arnar Bjarni og Berglind	132.8	8,431
560165 Steiná II	Steiná 2 ehf.	56.8	8,424
370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	66.6	8,386
380184 Lyngbrekka	Sigrún og Ármann	63.3	8,373
870604 Brúnastaðir 1	Ágúst Ingi og Elín	70.9	8,271
360472 Gunnlaugsstaðir	Mjólk og menn ehf.	62.8	8,248
870909 Skáldabúðir 2	Gunnbjörn ehf	128.3	8,148
870726 Kolsholtshellir	Brynjólfur, Pia, Pétur og Heinz - Hellisbúið ehf.	48.1	8,144
350714 Lundur	Kotakinn ehf.	35.8	8,143
761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	127.3	8,111
570644 Vaglar	Gísli Björn Gíslason	73.5	8,096
370154 Syðri-Knarrartunga	Guðjón og Guðný	49.9	8,076
570720 Keldudalur	Keldudalur ehf. Guðrún og Þórarinn	68.7	8,063
871103 Gýgjarhólskot 1	Eiríkur Jónsson	53.7	8,035
550104 Tannstaðabakki	Hermann og Sigrún	62.0	8,033
871058 Hrepphólar	Hrepphólar ehf.	76.6	8,015
350513 Hvanneyri	Hvanneyrarbúið ehf.	67.4	8,011
770116 Seljavellir	Seljavellir1 ehf.	68.1	8,003

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Hér eru bú með 8.000 kg meðalnyt á árskú og þar yfir, sams konar tafla og birst hefur í uppgjörsfyrirlitinu í Bændablaðinu frá því uppgjör 2020 var birt. Búin sem náðu 8.000 kg eftir árskú voru 24 á árinu 2025, 23 á árinu 2024, en 2023 voru þau 18, árið 2022 voru þau hins vegar 16 en 17 árið 2021.

Nythæstu kýrnar árið 2025

Metmánuður	Kýr	Faðir	Ársafurðir	Prótein	Fita	Bú
ágúst	2686 Plóma	1665941-1438 Jiri	16,779	3.17	4.40	870934 Gunnbjarnarholt 2
desember	1668281-0759 Húma	0693 Hrímnir	16,517	3.40	4.00	871077 Dalbær 1
nóvember	1213 Kló	15018 Góliát	15,249	3.20	3.27	871058 Hrepphólar
febrúar	0875 Droplaug	10077 Dropi	15,164	3.08	3.61	870117 Dalbær
janúar	2487 Klauf	10011 Strákur	15,136	3.10	4.02	860718 Lambhagi
júní	0799 Sína	12090 Sjarmi	15,078	3.31	4.05	650238 Grund
mars	0638 Skerja	12027 Spennir	15,066	3.29	3.73	870726 Kolsholtshellir
janúar	1639361-1838 Snædís	13057 Steri	14,989	3.37	4.22	870934 Gunnbjarnarholt 2
október	988	10011 Strákur	14,903	3.31	3.87	761412 Núpur
nóvember	0644 Snara	544	14,826	3.50	3.94	570641 Þorleifsstaðir
maí	1676291-0982 Kaka	0862 Jósep	14,797	3.48	4.30	870934 Gunnbjarnarholt 2
desember	1665491-2816 Vetrarsól	15014 Risi	14,762	3.30	3.87	870909 Skáldabúðir 2
ágúst	0950 Óskadís	0807 Jón Forseti	14,372	3.17	3.15	651125 Stekkjarflátir
desember	380	13051 Ýmir	14,360	3.58	4.20	380184 Lyngbrekka
desember	1547 Embla	2237 Þarfi	14,331	3.59	4.55	870909 Skáldabúðir 2
apríl	2700 Lukka	18019 Máttur	14,330	3.31	4.09	870934 Gunnbjarnarholt 2
desember	1053 Branda	18006 Sjóli	14,258	3.29	3.19	860292 Stóra-Mörk 1
september	0623 Disa	11023 Skalli	14,210	3.20	3.78	870726 Kolsholtshellir
nóvember	2604 Skrauta	13009 Kakali	14,099	3.07	3.40	870934 Gunnbjarnarholt 2
nóvember	1639361-1759 Rósa	15060 Vari	14,057	3.19	3.83	870934 Gunnbjarnarholt 2
júlí	1743 Hrafnús	1478 Már	14,035	3.53	3.90	651215 Garður

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Kýr sem einhvern tíma á árinu 2025 náðu að mjólka yfir 14.000 kg á samfelldu 12 mánaða tímabili. Svipuð tafla hefur birst í Bændablaðinu í tengslum við uppgjórið undanfarin ár en nú hefur lágmarkið verið hækkað úr 13.000 í 14.000 kg vegna fjölgunar kúa á listanum.

862 4046

skralli@skralli.is

SKRALLI

Lillesest Kjetting

Afurðahæstu búin á hverju uppgjörssvæði árið 2025

Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2025	Skýrsluhaldarar	Fj. árskúa	Afurðir kg/árskú
Vesturland	370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	66.6	8,386
Vestfirðir	460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	39.1	7,283
Norðurland vestra	560165 Steiná II	Steiná 2 ehf.	56.8	8,424
Norðurland eystra	650228 Göngustaðir	Göngustaðir ehf.	67.0	8,580
Austurland	761412 Núpur	Björgvin R. Gunnarss.	127.3	8,111
Suðurland	860315 Hólmur	Garðar Guðmundss.	79.1	8,665

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Uppgjörssvæðin eru nú 6 í því uppgjöri sem við birtum.

Plóma er komin í 30.553 kg æviafurðir þrátt fyrir ungan aldur. Skammt á hæla Plómu og önnur í röðinni var Húma 1668281-0759 í Dalbæ í Hrunamannahreppi. Húma náði 16.517 kg ársafurðum í desember. Húma er fædd 22. nóvember 2020 í Skollagróf í Hrunamannahreppi undan Hrímní 1668281-0693 og Rökkvu 682 Gýmisdóttur 11007. Hún bar sínum öðrum kálfi 30. desember 2024 og fór hæst í 60 kg dagsnyt í janúar. Skráðar æviafurðir Húmu eru 26.370 kg.

Þriðja í röðinni árið 2025 var Kló 1213 í Hrepphólum í Hrunamannahreppi, undan Góliát 15018 og Birnu 856 Piparsdóttur 12007. Þessi kýr náði 15.294 kg ársafurðum með 3,27% fitu og 3,20% próteini í nóvember. Hún er fædd 10. janúar 2021 og bar sínum þriðja kálfi 19. nóvember 2024. Hæsta dagsnyt hennar var 55,5 kg í lok janúar og um síðustu áramót var hún enn í yfir 20 kg dagsnyt. Skráðar æviafurðir hennar eru 35.518 kg.

Fjórdða nythæsta kýrin var Droplaug 875 í Dalbæ í Flóa eða Gaulverjabæjarhreppi hinum forna. Droplaug náði 15.164 kg ársafurðum með 3,61% fitu og 3,08% próteini í febrúar. Hún er fædd 16. nóvember 2017, dóttir Dropa 10077 og Klóru 621 Hryggisdóttur 05008, bar sínum fimmta kálfi 21. febrúar 2024 og þeim sjötta 25. júlí 2025. Hæsta dagsnyt á því mjólkurskeiði sem um ræðir var 50,9 kg í júní 2024. Frá síðasta burði hefur Droplaug verið í 42-45 kg dagsnyt. Skráðar æviafurðir eru 67.242 kg.

Fimmta afurðahæsta kýrin að þessu sinni var sú kýr sem stóð afurðahæst á árinu 2024. Hér er um að ræða Klauf 2487 í Lambhaga á Rangárvöllum. Klauf náði 15.136 kg ársafurðum með 4,02% fitu og 3,10% próteini í janúar. Klauf er fædd 23. apríl 2018, dóttir Stráks 10011, og bar sínum fimmta kálfi 14. apríl 2025. Hún fór hæst í 54,9 kg á umræddu mjólkurskeiði og skráðar æviafurðir eru 69.076 kg.

Alls náðu 736 kýr ársafurðum yfir 11.000 kg á árinu 2025 og þar af 229 yfir 12.000 kg og 77 yfir 13.000 kg.

Íslandsmet í æviafurðum

Nánast allt síðastliðið ár sló Bleik 995 á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd Íslandsmetið í æviafurðum í hverjum mjóltum. Hinn 21. desember kom þó að því að þessi mikla heiðurskýr var felld eftir langa og farsæla ævi. Þá hafði hún mjólkað samtals 120.340 kg og er þar með fyrsta og eina íslenska kýrin sem nær yfir 120 þús. kg æviafurðum. Þetta er einstakt og gríðarmikið afrek og verður að skoða í sambengi við meðalafurðir íslenskra kúa. Heildaræviafurðir Bleikar eru rúmlega átjánfaldar meðalársafurðir og ríflega sexfaldar meðalæviafurðir íslenskra kúa. Bleik 995 var fædd 14. ágúst 2009 undan Grana 1528871-0982 Hersissyni 97033 og Stássu 873 Stássadóttur 04024. Bleik bar sínum 1. kálfi 31. október 2011 og bar ellefu sinnum eftir það, eða alls 12 sinnum, síðast 12. ágúst 2024. Mestu afurðir á ári voru 10.372 kg árið 2016 en mestu mjólkurskeiðsafurðir 13.078 kg á því fimmta og næstmestar á ellefta mjólkurskeiði eða nákvæmlega 12 þús. kg.

Á árinu 2025 gekk önnur heiðurskýr á vit forfeðra sinna en þann 15. nóvember var Gullbrá 357 á Hóli á Upsaströnd felld eftir langa og farsæla ævi. Gullbrá var

ein þeirra kúa sem náði yfir 100 þús. kg æviafurðum eða 113.274 kg. Gullbrá var fædd 9. apríl 2004 á Hrafnsstöðum við Dalvík en flutti einungis nokkurra daga gömul að Hóli þar sem hún hafði aðsetur eftir það. Hún var undan Hvítingi 96032 og Rák 316, sonardóttur Búanda 95027. Gullbrá bar sínum fyrsta kálfi 10. október 2006 og bar alls 10 sinnum eftir það, síðast í júní 2022. Mestum afurðum á ári náði hún 2017 þegar hún mjólkaði 8.182 kg og 2020 náði hún 8.180 kg. Mestar afurðir á einu mjólkurskeiði voru á hennar ellefta og síðasta mjólkurskeiði, 15.603 kg.

Hamingjuóskir til ábúenda á Gautsstöðum og Hóli eru tregablandnar því auðvitað er árangurinn mikill og góður en um leið eftirsjá að gripum sem staðið hafa í fjósinu í annars vegar ríflega 16 ár og hins vegar rúmlega fimmtung aldar, yfir 20 ár.

Þann 18. júní síðastliðinn varð Snotra 273 í Villingadal í Eyjafirði tíunda íslenska kýrin sem ryfur 100 þús. kg múrinn í æviafurðum. Snotra er því eina núlifandi kýrin sem náð hefur þessum merka áfanga. Snotra 273 er fædd 10. nóvember 2010, dóttir Sigurfara 08041 frá Hjarðarfelli á Snæfellsnesi og Leistu 249 Ljúfsdóttur 05040 en hann var frá Núpstúni í Hrunamannahreppi. Snotra átti sinn fyrsta kálf 22. janúar 2013 og hefur síðan þá borið 10 sinnum. Afkvæmin eru því orðin ellefu talsins, þar af fimm kvígur. Snotra er að sögn ábúenda í Villingadal, þeirra Guðrúnar Jónsdóttur og Árna Sigurlaugssonar, „sómakýr en skapsterk, heldur sér vel og er með fína fætur/klaufir. Á sinni löngu ævi hefur henni sjaldan orðið misdægurt og reynst okkur því mjög vel.“ Um síðustu áramót stóðu æviafurðir Snotru í 102.921 kg.

Ár nýjunga

Árið 2025 einkenndist af ákveðnum nýjungum í nautgriparæktinni. Í upphafi árs var nýtt smáforrit eða app tekið í notkun, þ.e. FANG-appið, þar sem bændur geta pantað sæðingar og fangskoðanir og fá t.d. upplýsingar um væntanlegan komutíma frjóðæknis. Segja má að appið hafi reynst vel þó auðvitað hafi verið hnökrar þar á. Áfram er unnið að endurbótum á appinu og þá sérstaklega virkni þess gagnvart notendum. FANG hefur bætt skráningar á sæðingum, hækkað þjónustustig við sæðingar gagnvart bændum og er án efa tækni sem er komin til að vera.

Tilkoma kyngreinds sæðis á haustmánuðum er ein stærsta tækniþyting síðustu ára, ef svo má að orði komast. Eftir mikinn og vandaðan undirbúning varð kyngreint nautasæði loks að veruleika, nokkuð sem margir bændur höfðu beðið lengi eftir. Við erum enn að fóta okkur í þessum nýja veruleika, stilla framleiðslu af við eftirspurn, skipuleggja dreifingu þessa sæðis og læra hvernig við hagnýtum þessa tækni sem mest og best. Eðli málsins samkvæmt mun taka tíma að finna það sem við getum nefnt „bestu lausn“ í þessu efni. Þar ráða góð samvinna og samstarf miklu um hvernig til tekst.

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum í Hólmi í Austur-Landeyjum og Gunnbjarnarholti í Eystrihreppi, óskum við til hamingju með stórglæsilegan árangur. Þá viljum við koma á framfæri miklum og góðum þökkum fyrir gott og árangursríkt samstarf á nýliðnu ári.